

Fimmtudaginn 7. desember 1995.

Nr. 24/1994.

Eiríkur Sigfússon

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

gegn

Sveini Sigurbjörnssyni

Tryggva Stefánssyni

Jóhanni Benediktssyni og

Sigurði Stefánssyni

(Jón Oddsson hrl.)

og gagnsök

Skuldaskil. Kröfugerð samþykkt. 98. gr. laga nr. 91/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1994. Krafa hans í áfrýjunarstefnu og greinargerð hér fyrir rétti var sú, að hinum áfrýjaða dómi yrði breytt á þann veg, að allar kröfur hans í héraði yrðu teknar til greina, auk þess sem honum yrði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Gagnáfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar 1994. Þeir kröfðust aðallega sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur. Þá kröfðust þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning málsins í Hæstarétti lagði lögmaður aðaláfrýjanda fram breytta kröfugerð. Þar er þess krafist, að „Stefndu í aðalsök . . . greiði áfrýjanda í aðalsök . . . in solidum 5.400.000 kr. ásamt dráttarvöxtum og vaxtavöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. febrúar 1996 til greiðsludags, allt að frádregnum 3.000.000 kr., sem þegar hafa verið greiddar aðaláfrýjanda.“

Lögmaður gagnáfrýjenda lýsti því yfir við munnlegan flutning málsins, að hann samþykkti þessar kröfur aðaláfrýjanda. Í yfirlýsingum beggja lögmannna kom fram, að samkomulag hefði tekist um þá niðurstöðu, sem fram kæmi í hinni breyttu kröfugerð aðaláfrýjanda. Gera hvorki aðaláfrýjandi né gagnáfrýjendur nú sérstaka kröfu um greiðslu málskostnaðar.

Samkvæmt þessu verður dómur lagður á málið í samræmi við samþykki gagnáfrýjenda við kröfum aðaláfrýjanda, sbr. l. mgr. 98. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjendur, Sveinn Sigurbjörnsson, Tryggvi Stefánsson, Jóhann Benediktsson og Sigurður Stefánsson, greiði aðaláfrýjanda, Eiríki Sigfússyni, óskipt 5.400.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. febrúar 1996 til greiðsludags, allt að frádregnum 3.000.000 krónum, sem þegar hafa verið greiddar aðaláfrýjanda.
